

**Ed.**

**338. Frumvarp til laga**

[133. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægilegt þátttaka fæst, á þeim stöðum, er ráðherra ákveður, til þess að búa menn undir verkstjóraþróf, enda liggi fyrir beiðni frá Verkstjórasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands eða opinberri stofnun, sem þetta mál varðar sérstaklega, um að slíkt námskeið verði haldið.

Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs í sambandi við iðnskóla. Stjórn námskeiðanna skal vera í höndum skólustjóra viðkomandi iðnskóla, að viðbættum tveimur mönnum, annar tilnefndur af Verkstjórasambandi Íslands en hinn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Iðnaðarmálaráðherra fer með yfirstjórn þessara mála. Hvert námskeið skal standa allt að 6 mánuði, að prófum meðtöldum.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri, nema hann hafi lokið sveinsþrófi í þeirri starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í, eða fyrir liggi yfirlýsing atvinnuveitanda um, að umsækjandi sé ráðinn verkstjóri hjá honum að námi loknu.
- b. Að hann hafi unnið tólf mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.
- c. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða á annan hátt hlotið fullnægjandi menntun, að dómi námskeiðsstjórnar.
- d. Að hann fullnægi öðrum inntökuskilyrðum, sem ráðherra setur með reglugerð.

3. gr.

Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum og einkunnagjöf skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

Við samningu reglugerðar þeirrar, er um getur í 1. mgr., skal ráðherra leitast við að hafa samráð við þær opinberar stofnanir, sem mál þetta varðar sérstaklega.

4. gr.

Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum námskeiðsstjórnar.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið

löggildir til þess. Prófdómendur og námskeiðstjórn skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

Bækur þessar skal varðveita á þeim stað, sem ráðuneytið ákveður.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, á rétt til að fá skirteini, á eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera. Skólastjóri viðkomandi iðnskóla undirritar skirteinin. Um prófskirteini og frágang þeirra skal nánar ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Verkstjórar, sem lokið hafa prófi og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi og starfað hafa þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þremur árum, ganga að öðru jöfnu fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. júní 1957 skipaði iðnaðarmálaráðherra þriggja manna nefnd til að semja drög að reglum um kennsluskipan á verkstjóranámskeiðum.

Í nefndina voru skipaðir þeir Brynjólfur Ingólfsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Jóhann Hjörleifsson, verkstjóri og Þór Sandholt, skólastjóri. Nefndin taldi, að áður en slíkar reglur yrðu settar, væri nauðsynlegt að til kæmu lög, sem orðið gætu stoð undir nánari reglum um námskeið fyrir verkstjóra.

Nefndin samdi því fyrst frumdrög að frumvarpi til laga um verkstjóranámskeið og leitaði um þau álit 21 aðila, sem áhuga voru taldir hafa á þessu máli eða hagsmuna að gæta í sambandi við það.

Er svör höfðu borizt, samdi nefndin frumvarp þetta, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Verkleg menning okkar Íslendinga er mjög ung, í samanburði við verkmenningu ýmissa annarra þjóða.

Einangrun Íslendinga öldum saman olli því, að þeir drógust aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum og segja má, að allt fram um síðustu aldamót væri frekar um afturför að ræða í verklegum málum hér á landi heldur en framfarir. Hér er því fátt eða ekkert um gömul mannvirki, byggingar eða aðrar slíkar minjar um verklega kunnáttu landsmanna á liðnum öldum.

Laust fyrir síðustu aldamót tekur að örla á breytingu úr hinni aldagömlu kyrrstöðu í verklegum efnum hér á landi. Þá koma til sögunnar fyrstu lærðu mannvirkjafræðingar Íslendinga og var mikill fengur að störfum þeirra, enda þótt tvennt gerði þeira erfitt fyrir. Bæði var, að þeim hafði ekki gefizt tækifæri til að taka sjálfir virkan þátt í þeim störfum, sem þeir skyldu skipuleggja og þó var annað, sem hamlaði þeim meira, en það var skortur á verklærðum undirmönnum til daglegrar verkstjórnar, sem skiljanlega voru þá af skornum skammti.

Bústjórn bænda, sem var sú algengasta verkstjórn, sem hér þekktist öldum saman, var að sjálfsögðu annars eðlis en verkstjórn í nútíma skilningi. Og enda þótt verkhyggni og stjórnsemi skipti þá sem nú höfuðmáli, er ljóst, að verðmæti þau, sem verkstjórum nú eru fengin í hendur, við mannvirkjagerð og í verksmiðjum, eru margfalt meiri en hjá verkstjórum á liðnum öldum, sem höfðu fáa menn í vinnu með einföldum handverkfærum.

Verkstjórn, í nútíma skilningi, er því ung starfsemi hér á landi og um sérmenntaða stétt manna í verkstjórn er vart að ræða enn þá.

Það hlýtur þó að vera ljóst hverjum þeim, sem skyggist nokkuð í þessi mál, að nokkur bóklega og verkleg sérmenntun er nauðsynleg og sjálfsögð trygging

fyrir, að þeir menn, sem trúað hefur verið fyrir verkstjórn, ræki skyldur sínar vel og stjórn með hagsýni þeim verðmætum, vinnu- og vélafla, sem þeim er fengin umsjón yfir.

Enda þótt þetta sé almennt viðurkennt, og mönnum sé ljós sú þjóðfélagslega hættu, sem því fylgir að ekki séu gerðar lágmarkskröfur til menntunar þeirra manna, sem verkstjórn annast, hefur þó jafnan verið látið reka á reiðanum í þessu efni og lítið eða ekkert gert til að gefa íslenskum verkstjórum kost á hæfilegri og heppilegri menntun til munns og handa.

Verkstjórnarnir sjálfir fundu vitaskuld manna bezt hvar skórin kreppti að og fyrir forgöngu samtaka þeirra, Verkstjórásambands Íslands, hafa verið haldin nokkur námskeið fyrir verkstjóra og verkstjóraefni, með fjárstuðningi ríkissjóðs og Vinnuveitendasambands Íslands.

Eftir því sem tækni hefur aukizt hér og verklegar framkvæmdir orðið fjölþættari, hefur orðið augljósari nauðsyn þess, að verkstjórar hefðu nægilega góða menntun, bæði almenna undirstöðumenntun og einnig næga verklega menntun hver og einn í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.

Kennsla fyrir verkstjóra hefur hjá flestum menningarþjóðum verið tekin upp fyrir mörgum árum. Fyrst voru haldin námskeið, en þeim síðar breytt í fasta skóla eða fasta árlega kennslu.

Á Norðurlöndum eru víðast hvar starfandi sérstakir verkstjóraskólar, sem hafa með höndum hina almennu verkstjórakennslu og sums staðar einnig hina sérfræðilegu kennslu.

Í Finnlandi er aðalverkstjóraskólinn í Helsingfors og sækja hann verkstjóraefni víðs vegar að úr landinu. Skóli þessi hefur heimavist fyrir aðkomunemundur og er frábrugðinn öðrum verkstjóraskólum á Norðurlöndum að því leyti, að hann sækja bæði karl- og kvenverkstjórar, en í Finnlandi starfar mikill fjöldi kvenverkstjóra í hinum ýmsu iðngreinum. Skóli þessi starfar nær allt árið, eitt námskeiðið tekur við af öðru. Hver verkstjóri sækir fyrst sex vikna námskeið, þar sem aðaláherzan er lögð á sálarfræði, það er þekkingu á manningum og hvernig verkstjóra beri að koma fram við starfsmenn sína og yfirmenn. Verkstjórafræðslan hefur á síðari árum í vaxandi mæli beint að því að undirbúa verkstjórana undir samvinnu við verkamenn og aðra þá, sem þeir eiga í vændum að stjórna.

Á eftir hinum almennu námskeiðum koma námskeið í ýmsum sérgreinum. Í finnska verkstjóraskólanum eru þessi námskeið venjulega 2—3 vikur, og eru verkstjórunum þar kynntar ýmsar nýjungar í starfsgreinum þeirra, nýjar vinnuáferðir o. fl.

Í Svíþjóð er verkstjórafræðslu hagað á svipaðan hátt og í Finnlandi. Þó hafa Svíar, venjulega árlega, námskeið í lýðháskólanum í Gripsholm fyrir starfandi verkstjóra og verkstjórakennara úr ýmsum starfsgreinum og sækja þessi námskeið einnig verkstjórar frá hinum Norðurlöndunum.

Í Danmörku hafa samband vinnuveitenda og verkstjórásambandið danska komið upp skóla fyrir verkstjóra. Aðalstöðvar skólans eru í Kaupmannahöfn, en þaðan eru einnig skipulögð námskeið, sem haldin eru víðs vegar um landið.

Í Noregi er svipað fyrirkomulag en einnig tíðkast þar, að verkfræðingar ferðist milli verkstjóranna á vorin, áður en sumarvinna hefst, t. d. við lagningu vega, síma, eða járnbrautar, leiðbeini þeim og kynni þeim ýmsar nýjungar í störfum þeirra.

Á Norðurlöndum hefur einnig tíðkast, að starfandi verkstjórum, sem lokið hafa námi, hefur verið gefinn kostur á að ferðast erlendis, til landa, sem lengra eru komin um verklega menningu.

Eins og af þessu sést, hafa nágrannar okkar á Norðurlöndum tekið þessi mál fóstum tökum. Verður vart um það deilt, að brýn nauðsyn er til að þessum málum verði einnig sinnt meira hér á landi en gert hefur verið.

Verkstjórar ráða oft yfir fjölda starfsmanna og vinnuvéla og veltur því að verulegu leyti á hagsýni þeirra og stjórnsemi, hver nýting vinnuafis og véla verður.

Margir verkstjóranna hafa einnig á höndum fjárreiður fyrir atvinnurekendur og því bókleg færni og þjálfun í bókhaldi og skýrslugerð nauðsynleg.

Frumvarp þetta miðar að því að koma á fót fastri kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni hér á landi, með árlegum 6 mánaða námskeiðum á kostnað hins opinbera.

Frumvarp til laga um verkstjóranámskeið hefur tvívegis verið lagt fyrir Alþingi, fyrst 1939 en síðar 1950, á 70. löggjafarþingi þskj. 174. Náði málið í hvorugt skipti fram að ganga.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af frumvarpi til laga um verkstjóranámskeið frá 1950.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar:

#### Um 1. gr.

Lagt er til, að námskeiðin verði haldin í sambandi við iðnskólana, þar eð talið er, að æskilegum starfsháttum og þörfum námskeiðanna henti vel þau starfsskilyrði, sem þegar eru fáanleg hjá iðnskólum. Iðnskólarnir eru nú kostaðir af opinberu fé, og er hér lagt til, að ríkissjóður kosti verkstjóranámskeiðin. Ætti því að vera hagkvæmast og ódýrast að nýta húsnæði og kennslukrafta iðnskólanna einnig fyrir verkstjóranámskeiðin, eftir því, sem tók eru á.

Stjórn námskeiðs er lagt til að verði í höndum þriggja manna, skólastjóra iðnskóla þess, er námskeið er haldið við og eins fulltrúa frá hvoru þeirra landssamtaka, sem hér hafa einna mestra hagsmuna að gæta, Verkstjórásambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þótt iðnskólarnir eins og raunar flestir skólar, falli undir menntamálaráðherra, þykir réttara, að verkstjóranámskeiðin lúti yfirstjórn iðnaðarmálaráðherra, þar sem þjálfun og kennsla í vinnutækni er svo ríkur þáttur í námskeiðum, að þau eru vart sambærileg við venjulega skóla.

Gert er ráð fyrir, að námskeið verði ekki haldið, nema fyrir liggja óskir frá öðru hvoru þeirra landssamtaka, sem fyrr eru nefnd, eða þá frá einhverri opinberri stofnun, sem mál þessi varðar. Er hér átt við þær stofnanir, sem mikinn fjölda verkstjóra hafa í þjónustu sinni, bæði ríkisfyrirtæki og stofnanir bæjar- eða sveitarfélaga.

Má hér nefna t. d. vegagerð ríkisins, sem mun hafa um 80 verkstjóra í þjónustu sinni, sem nú stjórna vinnu fyrir yfir 70 milljónir króna árlega, rafmagnsveitur ríkisins, landssímann, vita- og hafnarmálastjórnina, og Reykjavíkurbæ, sem hefur fjölda verkstjóra í þjónustu sinni.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hversu margir þátttakendur verði að hafa skráð sig til að þátttaka teljist nægileg og námskeið verði haldið.

#### Um 2. gr.

Hér eru talin þau skilyrði, sem rétt þykir að setja til þátttöku í verkstjóranámskeiðunum.

Rétt þykir að setja það skilyrði, að þátttakendur hafi náð 22 ára aldri, og þá væntanlega nægilegum þroska til að geta, með viðunandi árangri, sagt fyrir verkum. Þó þykir rétt að krefjast ekki 22 ára aldurs, ef atvinnurekandi hefur ráðið umsækjanda til starfa hjá sér, að námi loknu. Sama gildir, ef umsækjandi hefur lokið sveinsprófi í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Var þetta ákvæði tekið upp í frumvarpið samkvæmt tillögu Vinnuveitendasambands Íslands.

Í b-lið greinarinnar er það skilyrði sett, að umsækjandi hafi unnið a. m. k. tólf mánuði við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Þykir rétt að krefjast þessa, og ekki líkur til, að nemandi hafi full not af sérkennslu námskeiðanna, nema hann sé kunnugur starfsháttum í umræddri grein.

Krafa e-liðs um almenna undirbúningsmenntun er ekki fast mótuð, því enda þótt æskilegt þygi að krefjast, er fram líða stundir, miðskólaprófs, er líklegt að til

að byrja með berist þátttökumsóknir frá ýmsum verkstjórum, sem komnir voru af skólaaldri, er núgildandi fræðslukerfi tók gildi og áttu því ekki jafn greiðan aðgang að framhaldsnámi og unglingar eiga nú. Ekki virðist æskilegt að meina slíkum mönnum aðgang að verkastjóranámskeiðum, en rétt að leggja það undir mat námskeiðsstjórnar, hvort henni þyki umsækjandi hafa aflað sér menntunar, sem sé fullnægjandi til að hann geti haft full not af hinni bóklegu kennslu á verkastjóranámskeiði.

Í d-lið er ráðherra fengin heimild til að setja fleiri inntökuskilyrði, ef þurfa þykir. Ljóst er, að vegna forgangsréttar þess, sem lagt er til í 6. gr. frumvarps þessa, að verkstjórar með prófi hafi til verkastjórnar í opinberri vinnu, er nauðsynlegt að gera all strangar kröfur til menntunar og mannkosta þátttakenda og því heppilegt að halda opinni leið til að bæta með reglugerð þá ágalla, sem síðar kunna að koma í ljós á frumvarpinu, ef að lögum verður, án þess að breyta þurfi lögum. Það er líka ljóst að gera verður til umsækjenda ýmsar kröfur, sem eðlilegt er að komi í reglugerð, t. d. um heilbrigði, sæmilegt málfæri, óflekkað mannorð o. fl.

#### Um 3. gr.

Eins og að líkum lætur eru störf þau, sem verkstjórar stjórna svo margvísleg, að varla er gerlegt að taka upp í lög um verkastjóranámskeið ákvæði um námsefni, kennslutilhögun og ýmislegt annað varðandi námið og prófin. Er því ætlað til að ráðherra setji reglugerð um þessi efni. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði tvíþætt, annars vegar almennar námsgreinar, sem allir verkstjórar hafa gagn af, svo sem sálarfræði, stjórn á mönnum og vinnutilhögun, kennsla í meðferð uppdráttu og línurita, skýrslugerð, kostnaðaráætlanir og efnisreikningar, bókhald og vinnuskýrslugerð og hjálp í viðlögum. Hinn þáttur námskeiðanna er stórum fjölbreyttari og erfiðari í framkvæmd, en það er sérnám fyrir verkstjóra í ákveðnum starfsgreinum. Er ljóst að varla verður unnt að halda uppi sérkennslu í nema fáum greinum árlega og verður þá að sjálfsögðu að byrja þar sem þörfin er mest. Líka er hugsanlegt, að unnt sé að meira eða minna leyti að sameina sérkennslu í tveimur eða fleiri skyldum starfsgreinum.

Allt þetta er gert ráð fyrir að ákvæði komi um í reglugerð, en áður en slík ákvæði verða sett, verði þeim þremur aðilum og jafnvel fleirum, sbr. 2. mgr. 3. gr., gefið tækifæri til að fjalla um reglugerðina og koma fram tillögum sínum. Iðnaðarmálastofnun Íslands er talin vera sá opinberi aðili, sem gætt geti hagsmuna flestra aðila, sem málið kann að varða og ekki eru aðilar að hinum samtökunum, sem nefnd eru í greininni.

Í 2. mgr. er átt við þær opinberar stofnanir, sem flesta verkstjóra hafa í þjónustu sinni, svo sem vegagerð ríkisins, landssímann, rafmagnsveitur ríkisins, vita- og hafnamálastjóra o. fl.

#### Um 4. gr.

Vegna þess hve margar og ólíkar kennslugreinar getur verið um að ræða, eftir því fyrir hvaða starfsgrein námskeið eru haldin hverju sinni, þykir rétt að prófdómendur séu skipaðir til aðstoðar kennurum og forstöðumönnum námskeiðanna í stað þess, að kennarar gefi einir einkunnir. Virðist eðlilegt að valdir verði sem prófdómendur menn sem búa eða dvelja sem næst námskeiðsstað, eftir því sem fáanlegir eru menn með nægilegri sérþekkingu.

Kennarar og prófdómendur skulu undirrita skýrslur um einkunnagjafir, hver í sinni grein, og afhenda námskeiðsstjóra, sem síðan færir í löggiltar bækur allar einkunnir og annað, er máli skiptir að prófi loknu.

#### Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að prófskírteini verði gefin út í samræmi við skýrslur námskeiðsstjórnar, sbr. 4. gr. 3. mgr., og að skólastjóri iðnskóla þess, sem próf er haldið við, undirriti skírteinin.

Gera verður ráð fyrir margs konar sérgreinum, sem kenndar verða og færslu einkunna í þeim á prófskírteinin.

Æskilegt er þó að sams konar prófskírteini verði notuð við öll verkstjóranámskeið, hvar sem er á landinu.

Um 6. gr.

Rétt þykir að veita þeim, sem lokið hafa námi á verkstjóranámskeiði forgangsrétt til verkstjórarstarfa í opinberri vinnu, að öðru jöfnu, í þeirri starfsgrein, sem nám var stundað og prófi lokið í.

Slík réttindi eru, þótt þau séu, eins og orðalag greinarinnar sýnir, engan veginn fortakslaus, til þess fallin að gera námskeiðspáttöku og próf eftirsóknarverðari en ella og ættu, ef að líkum lætur, að verða til að örva dugmikla menn til þáttöku.

Starfandi verkstjórar halda þó réttindum sínum, hafi þeir stundað verkstjórn í tiltekinn tíma samfleytt á síðustu 3 árum fyrir gildistöku laganna.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“